

Ed.

385. Nefndarátt

um frumvarp til laga um framlenging á gildi laga nr. 30, 22. okt. 1912, og laga nr. 44, 2. nóv. 1914, og laga nr. 45, s. d.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er á einu máli um það, að eigi verði komist hjá því að samþykkja þetta frumvarp, þar sem vörutollurinn er áætlaður í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar fyrir árin 1918 og 1919. Hjer er um svo álitlegan tekjustofn að ræða fyrir landssjóð, að eigi getur komið til mála að fella hann burt, nema því að eins, að landssjóði yrði bættur hallinn með nýjum tollum, en slíkt telur nefndin óráðlegt og jafnvel ógerlegt á þessum vandræðatimum.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt, eins og það kom frá háttvirtri neðri deild.

Alþingi, 8. ágúst 1917.

H. Hafstein,
formaður.

H. Steinsson,
frams.m.

Sig. Eggerz.